



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

7. árgangur 2. tbl.

Febrúar 2010

Landnámsdagur 5. júní 2010




Fréttatilkynning á bls. 13



Myndirnar eru teknar á Landnámsdegi 2008. Margt var um manninn og dagurinn talinn hafa heppnast vel í alla staði.





Skauta- og listaferð

Þriðjudaginn 9. febrúar fóru allir starfsmenn og nemendur Þjórsárskóla í Egilshöll á skauta og svo á Listasafn Árnesinga að skoða ís-


lenska myndlist. Allir nemendur prófuðu skauta og voru farnir að standa sjálfir og renna sér innan skamms. Nokkur hópur var mestan tíma í íshokki á meðan aðrir æfðu sig annars staðar á svellinu. Það var ótrúlegt að sjá dugnað nemenda á svellinu og má sjá myndir úr ferðinni inni á heimasíðu skólans. Í hádeginu fengu allir pizzu og gos áður en haldið var í Hveragerði í Listasafnið. Umgengnin í Höllinni var til fyrirmyndar og höfðu starfsmenn á orði hversu vel hópurinn gekk frá eftir sig.



Á Listasafni Árnesinga var hópnum skipt í tvennt og fengu kynningu á tilurð sýningarinnar og listaverkunum. Ekki gafst tími í verkefni á safninu en unnið verður úr ferðinni í skólanum. Aftur stóðu krakkarnir sig vel og voru mjög einbeitt á safninu. Bílstjórinn frá Guðmundi Tyrfingssyni lýsti ánægju sinni með umgengnina í bílnum sem var mjög góð. Flott að geta verið með svona umsagnir um hópinn okkar í heild.

Þorraveisla

Það var þorraveisla í skólanum þar sem allir kennsluhópar komu með einn dagskrárlið í veisluna. Veislan hófst á söng sem 1.-3. bekkur sá um. Sunginn var Þorraprællinn. Næst var 4. bekkur með lýsingu á gamla tímatalinu sem var hengt upp í matsalnum svo allir gætu skoðað. Þá komu 5.-6. bekkur og las upp eldri frásagnir af þorra og gömlum hefðum tengdum þorranum. Að lokum sagði 7. bekkur frá veislumatnum og verkun hans. Á veisluborðinu var bæði súrt og ósúrt slátur, lifrapylsa, blóðmör og sviðasulta. Svo voru súrir hrútspungar og lunda-baggar, kæstur hákarl með harðfiski og loks rúgbrauð og smjör. Margir smökkuðu tegundir sem þeir höfðu ekki gert áður og sumir þurftu mikið að hafa fyrir því að skila matnum ekki aftur eftir kyngingu.



En þó nokkrir nemendur borðuðu ýmsar tegundir með góðri lyst.

Tónleikar með Jazzkvartett Reykjavíkur.

Í byrjun febrúar fengum við Jazzkvartett Reykjavíkur í heimsókn í Þjórsárskóla. Þetta voru tónleikar á vegum verkefnisins „Tónlist fyrir alla“. Þeir félagarnir voru með eina kennslustund til afnota fyrir allan nemendahópinn. Óhætt er að segja að þeim hafi tekist vel að halda athygli nemenda sem tóku virkan þátt í tónlistarflutningnum og sýndu mikinn áhuga á því sem fram fór. Það voru skemmtilegar útfærslur á kynningum þeirra félaganna á ýmsum tilbrigðum tónlistarinnar sem náðu vel til nemenda. Að lokum nældu margir sér í eiginhandaráritun áður en gestirnir hurfu á braut.



Á döfinni:

Öskudagur með tónleikum og grímuballi

Öskudagur verður öðruvísi dagur í skólanum. Þá mæta allir í búningum, koma saman í bekkjarstofum, hlusta á tónleika skólakórsins um kl. 09 og fara svo að skemmta sér í Árnesi milli 10 og 12. Þar gefur foreldrafélagið hressingu.

Enginn skóli er eftir hádegi.

Gestir eru velkomnir í skólann, hvort heldur sem er til að hlusta á kórinn, sjá búningaflórana þennan dag eða til að taka þátt í grímuballinu í Árnesi.

Menningarkvöld

Miðvikudaginn 24. febrúar kl 20:00 verður menningarkvöld á vegum nemenda í 5.-7. bekk. Þá verður fluttur stuttur leikþáttur, upplestur á ýmsu áhuga-verðu, tónlistaratriði, kórsöngur og ýmislegt fleira spennandi, óvænt og fróðlegt. Aðgangseyrir verður 500 kr og veitingar innifaldar í því.

Árshátíð Þjórsárskóla

Árshátíð skólans verður haldin föstudaginn 12. mars kl. 20:00. Þá eru allir velkomnir og aðgangseyrir er greiddur til foreldrafélags skólans sem styrkir félagslega þætti skólalífsins.

Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk

Þjórsárskóli tekur þátt í stóru upplestrarkeppninni eins og undanfarin ár. Skólakeppnin verður haldin í skólanum í fyrstu viku mars og lokahátíðin 17. mars í Flóanum.

Með kveðju úr Þjórsárskóla.



Fréttir frá Leikholti febrúar 2010

Komiði sæl.

LEIKHOLT Allt gott að fréttu af okkur í Leikholti. Í janúar höfðum við röndóttan dag og þá komu allir í einhverju röndóttu. Á Bóndadaginn buðum við pöbbum í morgunkaffi, kleinu og muffins. Það voru margir pabbar sem þáðu boðið, takk fyrir komuna. 25. janúar var ½ starfsdagur í Leikholti og hlustaði starfsfólkið m.a. á fyrirlestur frá Skólaskrifstofu Suðurlands; „Gæði í leikskólastarfi“ en það er alltaf mikilvægt að skoða starfið og ræða það á faglegum notum.

Í febrúar hófust aftur skólaheimsóknir hjá Fjólubláa hóp í Þjórarskóla.

Fyrstu vikuna í febrúar var leikskólinn aðeins meira sýnilegri en venjulega í tilefni af **Degi leikskólans 6. febrúar**. Plaköt með myndum og fróðleik úr starfinu voru hengd upp á ganginum hjá skrifstofu hreppsins í Árnesi og vonandi hafa einhverjir skoðað þau. Í leikskólanum voru myndverk hengd upp á neðri hæðinni. Einnig vorum við með grænan dag, **4. feb.** *allt er vænt sem vel er grænt* 😊

Á döfinni:

15. feb. Bolludagur - í hádeginu verður boðið upp á kjötbollur og rjórabollur í eftirrätt

16. feb. Sprengidagur - Saltkjöt og baunir, tókall.

17. feb. Öskudagur - grímubúningadagur og öskuball ☺

22. feb. Mömmukaffi - mömmum boðið í morgunkaffi í tilefni af konudeginum 21. feb.

Í Stórholti vinna allir hópar húsdýrapema og gengur vel. Áhuginn er mikill hjá börnunum og starfsfólki. Í leikskólanum er mikið unnið með vinsemd og vináttu í öllu starfinu. Á heimasíðu skólans er að finna ýmislegt efni og myndir úr starfinu, um að gera að skoða. Bestu kveðjur frá börnum og starfsfólki Leikhólts.

Aðalfundur Kvenfélags Gnúpverja

verður haldinn þriðjudaginn 16. mars kl. 20:30 í Þjórarskóla.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin

Minum á að sveitarfélagið greiðir styrk til ungmenna 18 ára og yngri vegna íþróttar-, æskulýðs- eða menningarstarfs. Miðað er við tvo umsóknardaga á ári 1. mars og 1. október. Með umsókn þarf að fylgja kvittun um greiðslu frá viðurkenndum fagaðila. Hámarksgreiðsla. á ári kr. 30.000,- Oddviti

Happadrætti S.Í.B.S.

Styrkið gott málefni og fáid ykkur miða, fyrir lífið sjálft.

Umboðsmaður Sigrún Fossnesi.

Sími 486-6079 og 895-8079

fossnes@uppsveitir.is

60. fundur var haldinn í hreppsnefnd Skeiða-og Gnúpverjahrepps þriðju-daginn 12. janúar 2010 í Árnesi. Mættir voru: Gunnar Örn Marteinsson, oddviti, Tryggvi Steinarsson, Jón Vilmundarson, Ingvar Hjálmarsson og Björgvin Skafti Bjarnason sem jafnframt ritaði fundargerð. Gunnar setti fund og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

1. Ívar Pálsson Lögmaður mætti á fundinn og fór yfir þau mál sem hann hefur verið að vinna fyrir sveitarfélagið.
Lögð fram drög að viðauka við rammasamning frá 26. júní 2008 milli Landsvirkjunar og sveitarstjórnar Skeiða – og Gnúpverjahrepps. Sveitarstjórn áréttar fyrri bókun frá 3. nóv. 2009 um að ekki sé ástæða til að endurskoða samninginn að svo komnu máli sbr. bréf Landslaga lögfræðistofu til Umhverfissráðuneytisins frá 8. okt. 2009.
2. Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands 184. fundur haldinn 11. des 2009.
Einnig viðauki við samkomulag vegna móttöku á úrgangi frá Sorpstöð Suðurlands.
Lögð fram.
3. Fundargerð stjórnar SASS 430. fundur haldinn 11. des 2009. Lögð fram
4. Erindi frá Stóra- Núpssókn varðandi framkvæmdir við kirkjugarð á Stóra-Núpi.
Hreppsnefnd óskar eftir frekari upplýsingum áður en ákvörðun um styrk er tekin.
5. Erindi frá Ferðaklúbbnum 4x4 með ósk um lækun á fasteignagjöldum á fjalla-skálanum Setrinu. - Erindinu hafnað
6. Fundargerð skipulags-og byggingarnefndar 19. fundur frá 22.12.2009
einnig lögð fram afgreiðsla Byggingafulltrúa 36. fundur frá 02.12.2009.
Fundargerð 19. fundar frá 22.12.2009 Nr. 8 Björnsskot, atvinnuhúsnaði. - Samþykkt.
Nr. 16. Þjórsárholt – Jarphagi . Samþykkt skv.25. gr skipulags– og byggingarlaga.
Nr. 17. Þjóðlendur Skeiða – og Gnúpverjahrepps stofnun lands. Til kynningar.
Afgreiðsla byggingarfulltrúa 36. fundur 02.12.2009. Nr. 14 Árhraunsvegur 17.
Staðfest.
7. Fundargerð stjórnar Skipulags-og byggingarfulltrúaembættis uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps 4. fundur frá 22.12.2009. Fundargerð staðfest.
8. Tvö erindi frá Matvælastofnum, annars vegar um fé sem heimtist utan sinna heima rétta, og hins vegar tillaga að nýjum nöfnum á sauðfjárveikihólfum og litamerkingar sauðfjár í Árnessýslu. Til kynningar.
9. Svar frá Landsvirkjun vegna ályktunar Þjórsársveita um Búðarhálsvirkjun. Lagt fram
10. Skipan í nefnd til að sjá um landnámsdag. Form: Eypór Brynjólfsson
Aðrir: Sigrún Bjarnadóttir, Valgerður Auðunsdóttir, Dorothee Lubecki og Jóhannes Sigurðsson.

11. Vinnuhópur um efnistöð vegna sýningar í Árnesi.

Tryggvi Steinarsson, Skafti Bjarnason, Ástrún Davíðsson, Kristjana Gestsdóttir og Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi.

12. Trúnaðarmál. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15.15

61. fundur var haldinn í hreppsnefnd Skeiða-og Gnúpverjahrepps

Þriðjudaginn 02. febrúar 2010 í Árnesi. Mættir voru: Gunnar Örn Marteinsson, oddviti, Tryggvi Steinarsson, Jón Vilmundarson, Ingvar Hjálmarsson og Björgvin Skafti Bjarnason sem jafnframt ritaði fundargerð. Gunnar setti fund og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

Samþykkt að taka eftirfarandi mál á dagskrá, - fundargerð skipulagsnefndar.

1. Tillaga að þriggja ára fjárhagsáætlun Skeiða-og Gnúpverjahrepps.
Farið yfir áætlun, samþykkt að vísa henna til seinni umræðu.
2. Fundargerðir félagsmálanefndar 119. fundur haldinn 28.12.2009 og 120. fundur haldinn 12.01.2010. Fundargerðir staðfestar.
3. Fundargerð 28. aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands. Fundargerð lögð fram.
4. Fundargerðir Atvinnuþróunarfélags Suðurlands 289. fundur haldinn 02.12.2009. og 290. fundur haldinn 13.01.2010. Fundargerðir lagðar fram.
5. Jafnréttisáætlun Skeiða-og Gnúpverjahrepps. Jafnréttisáætlun staðfest
6. Erindi frá Íbúðarlánasjóði v/fasteignagjalda og fl. Álagningarreglur sveitarfélagsins gera ekki ráð fyrir staðgreiðsluafslætti af fasteignagjöldum og sorphirðugjöld taka mið af þjónustu sem veitt er.
7. Dómsniðurstaða Héraðsdóms Suðurlands í máli sem var höfðað á hendur sveitarfélaginu v/sumarbústaðar á Löngudælaholti, þar sem sveitarfélagið var sýknað af öllum kröfum og fær greiddar 400.000 krónur í málskostnað.
Vísað er í dómasafn mál nr.E-488/2009. Lögð fram.
8. Drög að nýrri samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Skeiða-og Gnúpverjahreppi. Drögum vísað til umhverfisnefndar til umsagnar.
9. Drög að samþykkt og úthlutunarreglur fyrir atvinnuuppbyggingarsjóð Skeiða- og Gnúpverjahrepps.Vísað til næsta fundar.
10. Fundargerð Skipulags- og byggingarnefndar frá 26.01.2010. Fundargerð staðfest
11. Bókun vegna ummæla umhverfisráðherra um sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps í bréfi dagsettu 29.01.2010. Í bréfi umhverfisráðherra til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá 29.01.2010 þar sem ráðherra synjar staðfestingar skipulagstillögu vegna Hvamms og Holtavirkjana er því haldið fram að sveitarstjórnarmenn, hafi persónulega þegið aukagreiðslur frá Landsvirkjun vegna funda í sambandi við skipulagsgerðina.” Þetta er rangt, sveitarstjórn hefur

ekki þegið nein önnur laun né aðrar greiðslur en þær sem sveitarsjóður hefur greitt fyrir. Ummælin eru illa ígrunduð, byggð á óáreiðanlegum heimildum og ærumeiðandi. Sveitarstjórn hefur ætíð haft að leiðarljósi að hvorki íbúar né landeigendur biðu skaða af framkvæmdum innan sveitarfélagsins. Fundi frestað klukkan 14.10 til kl. 15.00 þann 3. febrúar 2010.

Fundi frestað til 20.00

Fundi fram haldið kl.20.00

12. Ívar Pálsson lögfræðingur mætti á fundinn. Farið yfir bréf umhverfisráðuneytisins, vegna synjunar aðalskipulagsbreytinga vegna Hvamms og Holtavirkjanna. Samþykkt að senda umhverfisráðherra bréf vegna málsins.

Bókun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Áður en frekari ákvarðanir verða teknar í málinu, krefst sveitarstjórn Skeiða – og Gnúpverjahrepps svara við því af hálfu ríkisstjórnar Íslands, sem eigenda Landsvirkjunar, hvort stefna ríkisstjórnarinnar sé í samræmi við stefnu Landsvirkjunar um að virkja á umræddu svæði.

Fleira ekki gert. - Fundi slitið kl. 21:45.

Fótbolti — Fótbolti

Fótboltaæfingar fyrir alla fullorðna

**”Old boys and girls” verða á sunnudagskvöldum
kl. 20:30 á sparkvellinum í Árnesi.**

Nú tökum við á því!

Með góðri kveðju

UMFG



Hrósið fær!

Þorrablótsnefndin 2010 fyrir láta gesti þorrablótsins hlægja sig máttlausa að góðu gríni að sjálfsögðu á kostnað náungans eins og venja er á þeirri samkomu. Þau “ljóðuðu” svo fram næstu nefnd sem er eftirfarandi.

Nefndarskipan 2011

Lag: (Gestalistinn höf. Ingó)

Við erum að kveðja í kvöld, gamla liðið
Kanski geta flestir hérna fyrirgefið.
Í staðinn kemur fólk sem allir kannast við,
sumir hafa mörgum sinnum farið upp á svið

Í gömlu nefndinni voru Þóra, Úlla höfðum við fyrir stjóra,
Sigríður og Silli voru, líka Egill öðru hvoru.
Arnór, Sirrý, Ari og Dísá sáu Draumalandið rísa,
Gummi, Sverni og Nonni Valda, stundum fengu nokkra kalda,
þar var Halla og Bikki á Hæli, svona í umtalsverðum mæli.

Við erum að kveðja í kvöld, gamla liðið
Kannski geta flestir hérna fyrirgefið.
Í staðinn kemur fólk sem allir kannast við,
sumir hafa mörgum sinnum farið upp á svið.

Fyrsta vil ég telja þarna, Berglindi og Arnar Bjarna,
Loft og Hauk má nota í bassa, Anna og Helga þá munu passa.
Magga Steinþórs og Inga Mæja, hún er svaka mikil þæja,
Palli og Kirsten eru par, Mike og Ralf eru líka þar,
Þar er Magnea og hennar maður, mikið verður Ingvar glaður.

Þetta er nýja nefndin!
Þetta er nýja nefndin!!
Þetta er nýja nefndin!!!
Þetta er nýja nefndin!!!!

Fyrsta vil ég telja þarna, Berglindi og Arnar Bjarna,
Loft og Hauk má nota í bassa Anna og Helga þá munu passa
Magga Steinþórs og Inga Mæja, hún er svaka mikil þæja
Palli og Kirsten eru par, Mike og Ralf eru líka þar.
Þar er Magnea og hennar maður, mikið verður Ingvar glaður
enda verður hún formaður!

Helgihald í febrúar 2010

21. febrúar, konudagur

Messa fyrir prestakallið sungin að þessu sinni í

Skálholtskirkju kl. 11:00

Kvennakórinn **Uppsveitasystur**, leiðir messusöng.

Prestur séra Eiríkur Jóhannsson

Aðalsafnaðarfundur Stóra-Núpssóknar

verður fimmtudagskvöldið 11. mars kl. 20.30 í

Þjórsárskóla.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Nefndin.

Námskeiðsnefnd kvenfélags Skeiðahrepps stendur fyrir matreiðslunámskeiði hjá Söllu - Himneskri hollustu.

Námskeiðið verður haldið laugardaginn 6. mars

kl. 11.00 - 14.00 í Brautarholti.

Þetta er frábært námskeið fyrir alla sem langar til að taka til í mataræðinu sínu og læra að nota meira heilsuhráefni í matargerðinni.

Hollara fyrir budduna, línurnar og andann.....

Á þessu námskeiði kennir Sölla okkur að útbúa MJÖG einfalda og fljótlega, ÓDÝRA, holla og bragðgóða grænmetis- og baunarétti ásamt dásamlegum hollustudesert. Formið á námskeiðinu er fræðsla, smökkun og sýnikennsla.

- Einfalt, fljótlegt og GÓMSÆTT -

Verð kr 4.500 (kvenfélagið greiðir niður að hluta fyrir sínar konur).

Vinsamlegast skráið ykkur fyrir 1. mars hjá

Möttu nordurgardur@upsveitir.is eða gsm: 893-5636 eða hjá

Póru á netfangið thq67@hi.is eða í gsm: 893-7977

Allir velkomnir

Námskeiðsnefnd

Körfuboltafréttir.

Nú eru körfuknattleiksiðkendur komnir á fleygiferð að nýju eftir smá pásu yfir jól og áramót.

Seinni umferð á Íslandsmótum er hafin með pompi og prakt - þar höfum við Hrunamenn staðið okkur með slíkri þrýði að eftir er tekið, og þykir undravert hversu góðum árangri við náum í ekki stærra samfélagi. Sjálf var ég stödd ekki alls fyrir löngu á formannafundi KKÍ og voru menn á þeim bæ undrandi yfir því góða og öfluga starfi sem að hér er unnið. Krakkarnir standa sig svo vel og hafa einstakan áhuga á að bæta sig og vilja bara ná á toppinn! Það segir mér að við höfum á að skipa frábærum þjálfurum sem eru mjög metnaðarfullir og hafa einstakt lag á krökkunum. Þeir vinna mjög óeigingjarnt starf með börnunum okkar og eru góðar fyrirmyndir. Í vetur hafa þeir öðlingar, Bragi Viðar í Túnsbergi, Siggí á Kotlaugum og Árni Þór séð um þjálfunina og tekist einstaklega vel upp, einnig var hann Andri að þjálfra hjá okkur fyrrpart vetrar og stóð sig með mikilli þrýði. Allir spila þessir flottu strákar með meistaraflokk Hrunamanna. Ekki hefur meistaraflokknum tekist að vinna neinn leik í vetur en oft hefur munað mjög „mjóu.“ Trúi því að sigur sé á næsta leiti. ☺ Mikil stemning er á heima-leikjum og börn og fullorðnir hópast í íþróttahúsið (Flúðahöll) að styðja við bakið á strákunum okkar. – Það að strákarnir spili í 1. deildinni hefur eftl mjög allan áhuga á körfubolta og líta ungu körfuboltakrákkarnir mjög upp til meistaraflokksins. Strákarnir okkar eru frábærir íþróttamenn og leggja mikið á sig til þess að leika undir okkar merkjum, margir eru í háskólanámi í Reykjavík og keyra hingað á Flúðir til þess að mæta á æfingar einnig eru þeir duglegir utan vallar við fjáröflun og vinna mikið starf fyrir deildina í heild sinni.

Einnig ætla ég að minnst á það hversu gaman og gott það er að fá krakkana úr nágrannsveitunum til samvinnu við UMFH það er sannarlega ánægjulegt.

Stelpurnar okkar í 10. fl kvenna eru í öðru sæti í A-riðli á Íslandsmótinu en aðeins þrjú stig skildu liðin að nú 11. feb. Þegar Keflavíkurstúlkur náðu að merja sigur. Upp úr stendur að við eigum sem sagt annað besta körfuknattleikslíð landsins í 10. fl kvenna. Frábærar íþróttakonur þar á ferð.

Nú er bara að halda áfram að efla og hvetja.


Það verður sem þú væntir.

Það vex sem að er hlúð.

Allir þeir sem að stutt hafa við bakið á körfuknattleiksdeild UMFH fá sérstakar þakkir.

F.h stjórnar körfuknattleiksdeildar UMFH

Stína.



Íþróttæfingar!

Í vetur ætlar ungmennafélagið að bjóða upp á íþróttæfingar í Brautarholti á laugardögum. Rúnar Hjálmarsson (frá Langstöðum í Flóahreppi) mun sjá um æfingarnar. 10 ára og yngri æfa kl.12:30 – 13:30, 11 ára og eldri æfa kl.13:30 15:00. Athugið að næsta laugardag (13. feb.) seinkar æfingunum um klukku-stund, vegna fyrirlestrar á vegum foreldrafélagsins.

Allir krakkar velkomnir, vonumst til að sjá sem flesta.

Svo stefnum við á Þingborgarmótið þann 1. maí.

Kær kveðja. Stjórnin.



Menn og málefni!

Dóra Björk Þrándardóttir útskrifaðist sem stúdent af náttúrfræðibraut Menntaskólans við Hamrahlíð 19. des. 2009. Þetta er góður áfangi í lífinu til hamingju með það!

Menningarkvöld fyrir alla í sveitinni

Nemendur í 5.-7. bekk Þjórsárskóla standa fyrir menningarkvöldi í skólanum til fjáröflunar fyrir vorferð til Vestmannaeyja miðvikudaginn 24. febrúar kl. 20:00.

Á dagskránni er meðal annars:

Stuttur leikþáttur, upplestur, tónlistaratriði, kórsöngur og ýmislegt fleira spennandi, óvænt og fróðlegt.

Aðgangseyrir er 500 kr. fyrir fullorðna og seldar verða veitingar á góðu verði.

Allir velkomnir!



Pistill frá oddvita

Sveinn mjólkur og mjólkur

Ég hef alltaf verið stoltur af því að segja fólki frá því að í okkar sveitarfélagi sé landbúnaður megin undirstaðan í atvinnustarfseminni. Í okkar sveitarfélagi er stundaður margháttaður búskapur ef undanskilin er garðyrkjan. Hér eru miklir bændur sem leggja allt sitt í það sem þeir eru að gera og vaka og sofa yfir sínum rekstri, því miður er afkoma margra í þessari atvinnugrein erfið um þessar mundir eins og hjá mörgum öðrum. Það var gaman að lesa síðasta Bændablað og renna yfir listann um afurðarhæstu kúabúin á síðasta ári, þar trjóna þau Katrín og Sveinn á Reykjum á toppnum, það þarf að hafa gott lag á hlutunum til að ná þessum árangri með þetta stórt bú enda vel staðið að öllu á þessum bæ. Það er líka frábær árangur hjá þeim í Gunnbjarnarholti en þau eru í tíunda sæti á þessum lista, það er stór góður árangur verandi með rúmlega hundrað árskýr.

Skógrækt

Átti spjall við þau sem hafa umsjón með asparkógræktinni á Sandlækjarmýrinni, en þar er í gangi tilraun á um 68 hektara svæði með skógrækt þar sem afurðirnar yrðu nýttar í iðnaðarframleiðslu, hjá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Þetta er athyglisverð tilraun sem leiðir í ljós hvort þessi búskapur á framtíð fyrir sér, en verksmiðjan þarf gríðarlegt magn í sína framleiðslu og nýtir meðal annars allt timburkurl sem til fellur hjá Sorpu. Það liggur ljóst fyrir að í framtíðinni mun kolvetniskvóti verða söluvara, það er spurning hvort þar séu möguleikar til tekjuöflunar fyrir skógarbændur.

Úrskurður umhverfisráðherra

Umhverfisráðherra hafnaði nýlega að staðfesta aðalskipulagsbreytingu sveitarfélagsins þar sem gert var ráð fyrir Holta- og Hvammsvirkjunum, ástæðan sem ráðherra gaf fyrir synjuninni var sú að sveitarfélagið hafi látið Landsvirkjun greiða kostnað við skipulagsvinnuna. Þessi úrskurður hefur veruleg áhrif á framkvæmdir af þessum toga þar sem það hefur tíðkast á undanförunum árum að framkvæmdaraðilar hafa greitt þennan kostnað, við erum ekki nein undantekning frá því.

Í mínum huga er þessi úrskurður ráðherrans pólitískt sjónarspil gert í þeim tilgangi að slá sig til riddara í augum fólks sem ekki má með nokkru móti hugsa til þess að ráðist verði í framkvæmdir af þessu toga hérlandis. Sé ráðherrann andsnúinn virkjanaframkvæmdum í neðri Þjórsá þá er einfalt mál að beita ríkinu fyrir sig í þeim efnum þar sem ríkið á vatnsréttindin og Landsvirkjun er ríkisfyrirtæki, það þarf ekki að beita hártogunum til að hafna skipulagstillögu sveitarfélagsins í þeim efnum.

Sveitarstjórnarkosningar

Sveitarstjórnarkosningar verða 29. maí. Í síðustu sveitarstjórnarkosningum voru þrír listar í framboði í okkar sveitarfélagi sem allir fengu fulltrúa í sveitarstjórn, þrátt fyrir að við hefðum óvenju marga lista í framboði hér í síðustu kosningum hefur samstarfið í sveitarstjórn gengið mjög vel á því kjörtímabili sem er að renna sitt skeið á enda. Ég vil hvetja alla þá sem áhuga hafa á sveitarstjórnarmálum að taka þátt í framboðsmálum með því fólki sem því finnst það eiga samleið með. Það er samfélaginu nauðsynlegt að fólk gefi kost á sér til þessara starfa, þau geta á köflum vissulega verið krefjandi en þau geta líka verið skemmtileg. Sveitarstjórn samþykkti við gerð fjárhagsáætlunar fjárveitingar vegna væntanlegra framboða til sveitarstjórnar, það er nauðsynlegt að framboðin geti kynnt sig og það sem þau standa fyrir án verulegs kostnaðar fyrir þá sem að þeim standa.

Oddviti.


Landnámsdagur 2010

Landnámsdagur verður haldinn laugardaginn
5. júní 2010 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Þetta er í þriðja sinn sem Landnámsdagur er haldinn, en hann hefur notið vaxandi vinsælda. Sem fyrr verður dagskrá dreift um sveitina og reynt að viðhalda sérstöðu Landnámsdags miðað við aðrar bæjarhátíðir. Undirbúningsnefnd hefur komið saman einu sinni og eru ýmsar hugmyndir um dagskrárliði til umræðu.

Öllum sveitungum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi gefst kostur á að koma með hugmyndir og taka þátt í Landnámsdegi.

Áhugasamir hafi samband við undirbúningsnefnd.
Eypór Hamragerði, Sigrún Fossnesi,
Valgerður Húsatóftum, Jóhannes skógrækt,
Dorothee Löngumýri,
Ásborg ferðamálafulltrúi.



Menningarráð Suðurlands auglýsir eftir umsóknum um styrki

Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á Suðurlandi geta sótt um styrki en skilyrði er að umsækjendur sýni fram á mótframlag. Heimilt er að sækja um styrk til verkefna sem umsækjandi er þegar byrjaður að vinna í.

Engar sérstakar áherslur verða settar á þessu ári, en tekið verður mið af eftirfarandi við afgreiðslu umsókna (sbr. 5. grein menningarsamnings fyrir árið 2010):

1. Efla samstarf á sviði menningarmála.
2. Efla nýsköpun í verkefnum tengdum menningu.
3. Atvinnutækifærum fjölgi á menningarsviðinu.
4. Styðja við menningartengda ferðapjónustu.

Menningarráðið mun hvorki veita rekstrar-, stofnkostnaðar- né endurbótastyrki. Ekki verður heldur styrkt skráning á menningarminjum, starfsemi íþróttafélaga, bæjarhátíðir, almennar samkomur, safnaðarstarf og hefðbundið menningarstarf innan skóla.

Umsóknarfrestur er til og með 12. mars 2010.

Ætlunin er að tilkynna um úthlutun í apríl 2010. Umsóknum skal skilað til Menningarráðs Suðurlands á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimasíðu Menningarráðs www.sunnanmenning.is. Allar nánari upplýsingar veitir Dorothee Lubecki, menningarfulltrúi Suðurlands, í síma 480-8207, 896-7511 eða með tölvupósti menning@sudurland.is.

Menningarfulltrúi verður til viðtals í öllum sveitarfélögum. Námskeið í umsóknargerð fer fram 25. febrúar í umsjón Fræðslunets Suðurlands. Umsóknir skal senda, í tölvupósti á menning@sudurland.is eða í ábyrgðarpósti, til Menningarráðs Suðurlands, Austurvegi 56, 800 Selfoss.

Menningarfulltrúi Suðurlands, Dorothee Lubecki

verður með viðtalstíma í Árnosi þann 9. mars n.k kl. 13:00 –14:30

Leiklistarnámskeið

Síðustu forvöð til að skrá sig á leiklistarnámskeiðið sem auglýst var í fyrri fréttabréfum er fimmtudaginn 18. febrúar. Skráning er hjá:

Sigrúnu í Fossnesi sími 486 6079 / 895 8079 fossnes@uppsveitir.is

Magneu í Þrándarholti 868 5569 thrandarholt@gmail.com

Námskeiðið hefst svo sunnudaginn 21. febrúar kl. 14:00 í Þjórsárskóla og mun standa fram í miðjan marsmánuð. Áætluð eru 7 skipti tvær klukkustundir í senn, tvisvar í viku og mun námskeiðsgjald verða í kringum 8.000 kr. en U.M.F.G. ætlar að styrkja námskeiðið.

Leiðbeinendur verða þær Vilborg Halldórsdóttir leikkona og Þórdís Heiða Krisjánsdóttir tónmenntakennari. Þátttakendur eru beðnir að mæta í fatnaði sem auðvelt er að hreyfa sig í á námskeiðinu!

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda Landsvirkjunar á Þjórsársstofu nú á útmánuðum hefur uppfærslu verið frestað sem fyrirhuguð var nú í vor í Árnesi á leikverki um Gauk á Stöng sem Vilborg vinnur að. Stefnan tekin á næsta vetur með ástir þeirra Gauks og Þuríðar.....
Leiknefnin.



NUDD – SUNDLAUG – GUFA

Hljómar vel ekki satt!

Býð upp á baknudd, slökunarnudd og svæðanudd.
Verð í Skeiðalauginni á fimmtudögum frá kl. 17:00 – 21:00.
Tímapantanir og fleiri upplýsingar í síma 486 6081 og
865 0329 eða

laxdal@uppsveitir.is

Kristín í Laxárdal

Næsta Fréttabréf kemur út þriðjudaginn 16. mars **Skilafrestur efnis er til miðvikudagsins 10. mars.**

Umsjón með fréttabréfinu hefur Kristjana Gestsdóttir - frettabref@skeidgnup.is
Ábyrgðarmaður Gunnar Örn Marteinsson Oddviti

Til umhugsunar

Fréttabréfið er ágætis vettvangur til ýmis konar skrifa og er fólk hvatt til þess að notfæra sér það. Gaman væri t.d. að lesa óbirtar frásagnir einnig væri smellið ef einhver gætið kastað fram vísukorni okkur hinum til gleði og hvatningar.

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er opin mánudaga-fimmtudaga frá kl. 9-12 og 13-15. Sími 486-6014 Fax 486-6091 www.skeidgnup.is



TAXI – TAXI

**LEIGUBÍLL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU
8 FARÞEGA BÍLL, STAÐSETTUR Á FLÚÐUM
HAFIÐ SAMBAND Í SÍMA:
893-1462 (UNNAR)**



Langar þig að koma og vinna með okkur ?

Leikskólinn í Skeiða- og Gnúpverjahreppi óskar eftir jákvæðum og öflugum einstaklingi til starfa við leikskólann. Lögð er áhersla á lipurð í mannlegum samskiptum, áhuga og metnaði gagnvart starfinu.

Í boði er afleysingastaða . Auglýst staða er tímabundin og viðkomandi þarf að geta hafið störf ekki síðar en 23.febrúar nk.

Laun og kjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og Félags leikskólakennara eða Foss.

Umsóknum skal skilað: Leikholt, Brautarholti, 801 Selfoss eða leikskoli@skeidgnup.is
Nánari upplýsingar veitir Sigríður Björk Gylfadóttir leikskólastjóri, sími: 486 5586 og 698 0433 og/eða á leikskoli@skeidgnup.is

Heilsugæslan í Laugarási sími 480-5300

Sími í neyðartilvikum 892- 8804

Opið 8:30 –16:30 Símat. 9-9:30 og 13–13:30

FRÉTTATILKYNNING

Múrbúðin opnar á Flúðum í apríl!

Byggingavöruverslun undir merkjum Múrbúðarinnar tekur til starfa á Flúðum í apríl næstkomandi. Að versluninni standa Jóhann Unnar Guðmundsson og fjölskylda á Flúðum.

Múrbúðin á Flúðum verður rekin samkvæmt samstarfssamningi milli Jóhanns Unnars og Múrbúðarinnar. Þar verða til sölu flest allar sömu byggingavörur og fást í Múrbúðinni í Reykjavík og á sama lága verðinu og Múrbúðin er fræg fyrir.

Múrbúðin er einnig með mikið úrval af flísum og baðherbergistækjum og verður sýningarsalur fyrir þessar vörur á Flúðum, afgreiðslufrestur af lager verður aðeins einn dagur.


Jóhann Unnar segir að þörf sé á byggingavöruverslun fyrir Flúðir og nágrenni og því hafi hann leitað eftir samstarfi við Múrbúðina. Jóhann hefur rekið flutninga-þjónustu á Flúðum um árabil og með henni tryggir hann gott vöruframboð og stuttan afgreiðslutíma á stærri vörum.

MÚRBÚÐIN

Fótboltafréttir

Á fundi knattspyrnudeildar þann 25. janúar síðastliðinn var ákveðið að senda í fyrsta skipti kvennalið til keppni á Íslandsmót 5. fl. kvenna sumarið 2010. Þá mun 3. fl. karla og 4. fl. karla taka áfram þátt í 11 manna bolta á Íslandsmóti sumarið 2010. Enn nær leikmaður okkar augum landsliðsþjálfara U-15. Hafþór Ingi Ragnars og Mörtusonur var við æfingar í Kórnum helgina 30. – 31. janúar. Þá hefur yfirþjálfari Fjölnis Lárus Grétarsson boðið Hafþóri Inga og Guðmundi Aroni að æfa með þeirra aldurs hópi fram á vor. Í desember síðastliðnum nutum við góðs af þjálfun Atla Heimissonar sem er atvinnumaður hjá Asker í Noregi. Atli var með markvissar og hressandi æfingar fyrir liðsmenn deildarinnar og var þetta fyrirtaks leið til að kynnst því hvernig atvinnumenn æfa og því sem er að gerast í boltanum annars staðar.

Munið að það getur verið kalt á útiæfingum, klæðið ykkur því eftir veðri.



Fyrir hönd deildar, Heimir þjálfari gsm. 8943030.

Ps. Minni á ógreidd æfingagjöld.

Er með til sölu flott borðstofuborð eik/kirsuber.

Breidd: 90 cm, lengd: 180 cm. Borðið er aðeins rispað á köntum en það sést mjög lítið. Verð 15 þúsund.

Stefanía 691-6859 ste9@hi.is



Á bak við eldavélina

Hún Unnur Lísu var kjörkuð að skora á mig “eldri borgara“ að koma með uppskrift í blaðið, en það má reyna.

Ég er í eldri kantinum með eldamennsku og man eftir ýmsum mat sem þekkest ekki núna.

Man einhver eftir kjötgrautnum? Þá voru rófur og saltkjöt soðið í þykkum mjólkurgraut. Þetta þótti herramannsmatur!

Ég er búin að elda talsvert um dagana, meira að segja fyrir heilu vinnuflokkana. Elda nú minna núna, fæ þó stundum góða gesti í mat. Þá er gott að hafa eitthvað fljótlegt og gott. Grilla þá stundum laxaflök.

Þá er eldilaxinn ágætur en laxinn frá Fjalli er alveg frábær! Þá byrja ég á að beinhreinsa flökin og skafa hreistrið af roðinu. Skola vel og þerra. Ég legg flökin með roðhliðina niður á vel smurðan álpappír í ofnskúffu. Krydda með salti og sítrónupipar. Set nokkra smjörbita yfir og gott er að strá smá furu eða pistachio hnetur yfir.

Grillað í velheitum ofni í ca. 15 mín. (passa að elda ekki of lengi).

Borið fram með soðnum kartöflum og góðu salati, auðvitað úr íslensku grænmeti.



Eftirrétturinn er góði gamli jóladesertinn (ávaxtafrómasinn)

Ávaxtafrómas:

4 egg

150 gr sykur

1 stór dós af bl. ávöxtum

3 dl rjómi

10 matarlíms blöð

Byrja á að leggja matarlímsblöðin í bleyti í kalt vatn og bræða í vatnsbaði. Eggin þeytt með sykrunum, ávextirnir með safanum er blandað í. Matarlímið sett gætilega saman við.

Þegar búðingurinn er farin að þykkna er þeyttur rjóminn settur saman við. Bragðbætt með sítrónusafa eða smá sherrylög. Sett í skálar og látið kólna vel. Fallegt að skreyta með rjómatoppum og rauðum berjum.

Verði ykkur að góðu!


Ég ætla að skora á hana Dóru á Löngumýri að koma með næstu uppskrift. Hún hefur farið víða og hlýtur að geta komið með eitthvað nýstárlegt.

Kveðja, Helga í Vorsabæ.



Frá UMFG

Körfuboltaæfingar fyrir karla og konur
eru á fimmtudagskvöldum
kl. 20.30 í Árnesi.
Hentar öllum.



Opnun sundlauga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

	<u>Skeiðalaug</u>	<u>Neslaug</u>
Mánudaga:	lokað	17 – 21
Þriðjudaga:	17 – 21	lokað
Miðvikudaga:	lokað	17 – 21
Fimmtudaga:	17 – 21	lokað
Föstudaga:	lokað	lokað
Laugardaga:	13 – 17	13 – 17
Sunnudaga:	lokað	lokað

Gjaldskrá - 2010

0 - 5 ára	<u>frítt í sund</u>	14 - 66 ára	300,- kr
6 - 13 ára	150,- kr	67 og eldri	<u>frítt í sund</u>

Árlegir svæðistónleikar Tónlistarskóla Árnesinga

verða þriðjudaginn 23. febrúar kl. 18.00 í Þjórsárskóla.

Þar koma fram nemendur skólans sem búsettir eru í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.



Verið velkomin.
Tónlistarskólinn



Skemmtilegir tónleikar framundan!

Þrír kórar halda tónleika í Félagsheimili Hrunamanna laugardaginn 20. febrúar kl. 20.30.

Kórarnir eru:

Eldri Fóstbræður stjórnandi Árni Harðarson, **Freyjukórinn** úr Borgarfirði stjórnandi Zsuzsanna Budai og **Karлакór Hreppmanna** stjórnandi Edit Molnár og píanóleikarinn Miklos Dalmay. Efnisskrá kóranna er fjölbreytt og skemmtileg. Látið ekki þennan menningarviðburð fram hjá ykkur fara.

Karлакór Hreppmanna



- Aðsent efni -

Nokkrir Akureyringar segja hér frá því hvað verður á þeirra borðum þessa vikuna!

Hjálmar Freysteinsson, Akureyri
kvað:

Bollur skal éta á bolludaginn,
baunir og saltkjöt á sprengidaginn,
en iðrast hann má
maðurinn sá
sem át konuna sína á konudaginn.

Ólafur Halldórsson bætti við:
Bollur skal éta á bolludaginn,
baunir og saltkjöt á sprengidaginn,
en þótt hugur sé á
ekki húsfreyjan má
hafa bóndann í matinn á bóndadaginn.

Björn Ingólfsson spurði:
Ef bollur skal éta á bolludaginn
og baunir og saltkjöt á sprengidaginn,
Þá er mér spurn
spekingar: Hvurn
andskotann étiði á öskudaginn?

Kristján Eiríksson svaraði:
Ég bollurnar ét á bolludaginn
og baunir og saltkjöt á sprengidaginn,
svo fæ ég mér bjór
og byrja mitt þjór
og verð öskufullur á öskudaginn!

Lestrarfélag
Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Bókahúsinu Brautarholti
bokasafn@skeidgnup.is
S: 486-5505



Opnunartími

Mánudagur kl. 16 -18

Miðvikudagur kl. 16 -18

Fimmtudagur kl. 20 -22

**Munið kærur viðskiptavinir að skila bókum
sem fengnar hafa verið að láni.**

**Vinsamlegast virðið tímamörk á nýjum bókum en það er
2ja vikna útlán á þeim.**

Viola Snyrtistofa á Flúðum
Högnastíg 1

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsböð - Húðhreinsun

Litun og plockun -

Handsnyrting - Fótsnyrting

Förðun - Vaxmeðferð



Hef til sölu húðvörur fyrir bæði dömur og
herra frá GUINOT og förðunarvörur frá
NO NAME Tímapantanir í síma 566-8342
og 856-1599 (Hlíf)



Fjáröflun - Kaffihúsakvöld

Föstudagskvöldið 19. febrúar og miðvikudagskvöldið 3. mars ætla unglingarnir í Zero að halda kaffihúsakvöld þar sem boðið verður upp á veitingar og skemmtidagskrá. Þessar uppákomur eru hluti af fjáröflun unglinganna vegna ferðar á Samfés festivalið í byrjun mars. Unglingarnir sjá um allt skipulag og framkvæmd, en ef einhverjir foreldrar hafa áhuga á að leggja þeim lið, þá sérstaklega á kvöldunum sjálfum væri það vel þegið. Einnig er stefnan að vera með kökubasar og vonum við að foreldrar sjái sér fært um að taka þátt í honum. Nánari upplýsingar um Samfés, fjáröflunina og Zero munu koma inn á heimasíðuna www.zero.fludir.is

Einnig hægt að hafa samband við Hjalta í síma 865-8151 eða í gegnum netfangið hjalti@fludir.is

Félagsmiðstöðin Zero

KAFFIHÚSAKVÖLD!

Föstudag 19. feb. í Félagsheimili Hrunamanna milli kl. 19:00 -21:00.

Boðið upp á veitingar, ýmis konar skemmtun og kökubasar.

Miðvikudag 3. mars í hátíðarsal Þjórsárskóla milli kl. 19:00 -21:00.

Boðið upp á veitingar, ýmis konar skemmtun og kökubasar.

Vonumst til að sjá sem flesta, foreldra, systkini, afa og ömmur og ykkur öll hin ☺

Unglingaráð Zero



Hjónaball!

Hjónaball UMF.Skeiðamanna verður haldið laugardagskvöldið 20. mars.

Nánar auglýst síðar.

Nefndin.

Tapað — fundið!

Reiðskór af fullorðnum fundust við Þjórsárskóla

Við sparkvöllinn fundust reiðskór nr. 10,5 frá Blundstone 500. Þetta eru þessir venjulegu skór sem flestir ganga í. Kannski hefur einhver skipt um skó á vellinum og farið heim í fótbolta-skónum. Skórnir eru í skólanum fyrir þann sem vill nálgast þá.

Jakki og frakki!

Þá er líka geymt í fatahengi hreppsskrifstofunnar forlata svartur "Lord International" karlmannsfrakki, og grár karlmannsjakki. Þessar flíkur urðu eftir á þorralblótinu og eigendur geta vitjað þeirra þar eða haft samband í síma 486-6014.

Landbúnaðarverslun



Steinefnafötur fyrir nautgripi, hesta og sauð



Kálfaduft og kálfaökogglar



Hestakögglar og hestamúslí



Spæniir 24 kg. baggar og sag 20 kg. baggar



Rutland rafgirðingarefni



Veltanleg vatnskör



Kúaburstar



Slæðivarnir og mikið úrval festinga



Kjarnfóðurdallur fyrir ungkálfa

Sérsmíðum einnig allar gerðir gripahúsainnréttinga



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Fjós eru okkar fag

Meðhjálpari óskast í Stóra-Núpskirkju, einn eða fleiri.

Hlutverk meðhjálpara eru m.a.

**Að undirbúa kirkjuna fyrir athöfn.
Að aðstoða við helgihald.**

Nánari upplýsingar veitir
Sr. Eiríkur Jóhannsson í Hruna
í síma 486-6737 / 864-0802 og á
netfanginu srerik@ismennt.is



Flúðaskóli hlýtur Menntaverðlaun Suðurlands í ár!

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga veita þessi verðlaun. Margir þættir eru þar að verki og erum við stolt af því metnaðarfulla starfi sem unnið er í Flúðaskóla og ánægð með að ungmenni sveitarfélagsins hér fái notið þess.



Innilegar hamingjuóskir úr Skeiða- og Gnúpverjahreppi

SPILAKVÖLD — SPILAKVÖLD!

Nú er komið að því að dusta rykið af spilunum. Ætlunin er að halda þriggja-kvöldu félagsvist. Við byrjum föstudagskvöldið 19. febrúar kl. 20:30, næst föstudagskvöldið 05. mars og að lokum föstudagskvöldið 12. mars. Sami tími öll kvöldin.

Spilað verður í Brautarholti.

Vegleg verðlaun í boði, ókeypis aðgangur og sjoppa á staðnum.

Allir velkomnir, ungir sem aldnir og skemmtum okkur vel saman.

Kveðja frá spilanefnd UMF Skeið.

Mínum á nr. félagsins í tippinu í getraunum 799

